

**Sp.**

**786. Tillaga til þingsályktunar**

[203. mál]

um að gera aðalakvegi landsins úr varanlegu efni.

Flm.: Jóhann Hafstein, Sigurður Ó. Ólafsson, Sigurður Bjarnason,  
Ingólfur Flygenring, Jón Pálmason.

Alþingi ályktar að beina þeirri áskorun til ríkisstjórnarinnar að láta nú þegar undirbúa og framkvæma rannsóknir á því, í samráði við vegamálastjóra, með hverjum hætti sé hagkvæmast að gera aðalakvegi landsins úr varanlegu efni og af þeirri gerð, er svarar til stóraukinnar umferðar með stöðugt stærri og þyngri ökutækjum.

Skal rannsókninni hraðað með það fyrir augum, að sem fyrst sé hægt að hefjast handa um slíkar framkvæmdir og koma þar með í veg fyrir þá óhóflegu soun fjármuna, sem felst í hinum gifurlega og sívaxandi kostnaði af vegaviðhaldi ríkisins og rekstrarkostnaði ökutækja, meðan ekki er úr bætt.

**Greinargerð.**

Á undanförnum árum hefur hinn gifurlegi kostnaður af viðhaldi vega í landinu verið stöðugt vaxandi áhyggjuefni. Kostnaðurinn við vegaviðhaldið hefur orðið margfaldur á við kostnaðinn af nýbyggingu vega og þar af leiðandi hindrað hinar bráðnauðsynlegu framkvæmdir við nýbyggingar. Vegna þess, hve fjölförnustu vegirnir ganga fljótt úr sér, eru þeir oft tímum saman í lítt færur ásíggjumlagi og valda þannig samhliða stöðugt vaxandi kostnaði við rekstur samgöngutækjanna. Verður þetta að sjálfsgöðu tilfinnanlegast þar, sem umferðin er örúst og vöruflutningar mestir. Nægir í því sambandi t. d. að vitna til hins gifurlega viðhaldskostnaðar á bifreiðum við mjólkurflutningana af Suðurlandsundirlendinu til Reykjavíkur.

Á stríðsárunum og eftir hófst nýr þáttur í vegagerðinni með hagnýtingu nýrrar tækni, þegar tekin voru í notkun við vegagerðina ný tæki miklu mikilvirkari en áður tíðkuðust. Hefur vegagerð ríkisins gengið rösklega fram í því að tileinka sér á þessu sviði nýjar vinnuaðferðir.

En á síðari árum hefur einnig átt sér stað furðu ör þróun í samgöngutækni, sem fyrst og fremst felst í því, að landsmenn hafa tekið í notkun miklu þyngri og burðarmeiri ökutæki en áður, samtímis því sem öll umferð á vegunum hefur margfaldast með auknum bifreiðakosti.

Hér þarf því enn að hefjast handa um nýjan viðbúnað til þess að mæta þessari nýju þróun, og er þáttill. þessi við það miðuð.

Vegamálastjóri mun hafa haft opin augu fyrir nauðsyn þessa máls. En hér þarf óvanalega stór átök, svo að gagna komi. Það þarf óhikað að afla þeirrar fyllstu sérfræðilegu þekkingar, sem fyrir hendi er hjá öðrum þjóðum, sem á undan okkur hafa leyst slík viðfangsefni. Og það má ekki hika við að leggja í milljónatuga kostnað í fyrstu, þegar einsýnt er, að leiða muni til ómetanlegs sparnaðar bæði fyrir ríkissjóð og einstaklinga og létta stórum undir með atvinnurekstri landsmanna, þegar fram í sækir. Sá stofnkostnaður, sem verða kann af því að gera aðalakvegina úr varanlegu efni og í samræmi við hina öru þróun umferðar og ökutækja, mun borga sig fyrir þjóðarheildina á fáum árum.